



Stefán Þór Helgason er hluti af teymi hjá KPMG sem þróar nýsköpunarlausnir fyrir starfandi fyrirtæki.

VBMYND/HAG

# Nýsköpun mikilvægari en áður hjá starfandi fyrirtækjum

Ýmsar rótgrónar starfstéttir standa nú frammi fyrir því að örar tækninýjungar muni koma til með að breyta viðskiptaumhverfi þeirra til framtíðar. Í samtali við Viðskiptablaðið nefnir Stefán Þór Helgason dæmi um fyrirtæki sem standa nú á tímamótum í kjölfar tækninýjunga á borð við sjálfkeyrandi bíla og innreið stórra erlendra fyrirtækja á markaðinn.

ÁSDÍS AUÐUNSDÓTTIR  
asdis@vb.is

Í nýlegri könnun KPMG á meðal 1.200 forstjóra um allan heim kemur fram að stjórnendur hafa verulegar áhyggjur af nýsköpun innan sinna fyrirtækja. Þeir óttast að viðskiptavinir hverfi til samkeppnisaðila og að viðskiptamódelin þeirra verði fljótt úrelt. Að mati KPMG geta stjórnendur á Íslandi ekki horft framhjá þessari þróun og verða að mæta henni með árangursríkum aðgerðum. Með það fyrir augum að aðstoða fyrirtæki við slíkt hefur KPMG



**Þetta hljómar kannski eins og mikil framtíðarmúsík en þetta er í raun mun nær okkur en margir halda.**

þróað lausnir til að auka nýsköpun innan starfandi fyrirtækja.

Stefán Þór Helgason starfar ásamt Sævari Kristinssyni í umræddu teymi KPMG. „Þegar kemur að nýsköpun hefur kastljósinu hér á landi eðlilega verið beint mjög mikið að sprotafyrirtækjum. Við höfum hins vegar verið að setja meiri kraft í að aðstoða fyrirtæki sem hafa verið starfandi í lengri tíma og eru með kunnahóp, fjármagn og allt sem með þarf en eru þrátt fyrir það að horfa upp á umtalsverðar breytingar í umhverfi sínu. Við höfum þannig til að mynda verið að vinna með bönkum og tryggingarfélögum. Við bjóðum

fyrirtækjum upp á ráðgjöf og aðstoð við það að átta sig á stöðunni og meta hvaða breytingar eru í vændum. Auk þess höfum við verið að tengja stór fyrirtæki við gagnleg sprotafyrirtæki á markaðnum. Þetta er ekki síst mikilvæg þjónusta fyrir íslensk fyrirtæki sem eru í samkeppni við fyrirtæki erlendis frá,“ útskýrir Stefán.

**Sjálfkeyrandi bílar ekki endilega framtíðartónlist**  
Stefán segir margar rótgrónar starfstéttir nú standa frammi fyrir því að hefðbundin viðskiptamódel þeirra eru að taka miklum breytingum og það mun hraðar

## Gröð tæknipróun hefur mikil áhrif

● Stefán segir tryggingarfélög in alls ekki vera einu starfsstéttina sem gæti verið að horfa fram á grundvallarbreytingar í viðskiptaumhverfi sínu. „Við getum líka tekið dæmi um gistihúsarekstur á Íslandi sem og annarstaðar, þar sem stærsti aðilinn á markaðnum er allt í einu Airbnb, stórfyrirtæki frá Kaliforníu. Þá eru bankarnir að horfa upp á fyrirtæki eins og Apple og Google veita þjónustu hvað varðar greiðslumiðlun. Það sama má segja hér á Íslandi þar sem farsímafyrirtækið Nova hefur nú til dæmis sett á markað smáforritið Aur, sem fólk getur nýtt sér til að millifæra smáar upphæðir. Þannig virðist ungt fólk til að mynda tengja mun betur við Nova en bankann sinn og nýtir sér mun frekar þjónustu þess sem er nú að litlu leyti farin að færast yfir á svæði sem áður var bankaanna,“ segir Stefán.

en áður. Nefnir hann bílaiðnaðinn, tryggingarfélög, banka og fyrirtæki í gistihúsarekstri sem dæmi um starfsemi sem stendur nú á einhvers konar krossgötum.

„Ef við tökum tryggingargeirann til að mynda sem dæmi þá hefur hann í raun verið nokkurn veginn eins síðastliðin 100 ár. Grunnhugmyndin er alltaf sú sama: Að draga úr áhættu og dreifa henni. Helsta nýsköpunin hefur falist í því hvað á að tryggja. Fyrst voru það einfaldlega fasteigna- og bílatryggingar en svo bættust við flórana líftryggingar og tryggingar fyrir gæludýr og íþróttastjórnur svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Stefán.

En nú virðist sem tækninýjungar á bílamarkaði geti haft í för með sér breytt umhverfi fyrir tryggingarfélögin þar sem fyrirtæki á borð við Goggle hyggjast nú koma sjálfkeyrandi bíla á markað. Stefán útskýrir að bílarnir séu hannaðir með það m.a. að markmiði að draga mjög úr umferðaróhöppum og gætu jafnframt haft það í för með sér að fjöldi bifreiða minnki á götunum. Þá vakni jafnframt ýmsar spurningar um það hvar ábyrgð á tjóni komi til með að liggja þegar slík farartæki lenda í slysi.

„Þegar þú ert með bíl sem er forritaður af fyrirtæki erlendis til að taka réttar ákvarðanir án aðkomu farþegans þá er nokkuð ljóst að

áleitnar spurningar geta vaknað um hvar ábyrgð á tjóni liggur ef slysum verður. Það sem tryggingarfélögin munu þó sennilega hafa hvað mestar áhyggjur af er hversu mjög slíkir bílar munu draga úr slysum og þá um leið lækka iðgjöld. Tilgangurinn með tryggingum verður þá minni og minni þegar slysin verða færri og jafnvel minni háttar. Þess vegna eru menn í tryggingargeiranum farnir að velja fyrir sér hvað þeir geti gert í staðinn til að bæta upp fyrir þann hluta af starfseminni enda eru bílatryggingarnar langstærsti hlutinn af starfsemi tryggingarfélaganna og bera hæstu iðgjöldin,“ segir hann.

*Nú hljómar þetta eins og verið sé að líta mjög langt inn í framtíðina, er þetta raunverulega eitthvað sem tryggingarfélögin þurfa að vera að velja fyrir sér?*

„Þetta hljómar kannski eins og mikil framtíðarmúsík en þetta er í raun mun nær okkur en margir halda. Ég ferðaðist til að mynda til San Francisco fyrir nokkru og skoðaði höfuðstöðvar Google og þar voru starfsmenn keyrandi um á svona bílum. Spurningin er bara hversu hröð þróunin verður og hversu almennt notkun þeirra verður. En þeir virðast þó geta sett bílana út í umferðina smám saman. Rökin fyrir hönnuninni eru í

grunninn að bílarnir og tæknin eru betri öikumenn en fólk. Prófanir gefa til kynna að bílarnir valda minni slysum og eru um leið forritaðir til að hlíta umferðarlögum. Þetta myndi líka fela í sér byltingu þegar kemur að eignarhaldi á bílum, þar sem þörfin fyrir því að eiga bíla myndi snarminnka,“ svarar Stefán og bætir við að tryggingarfélögin hér á landi séu nú þegar farin að velja þessum möguleika fyrir sér, enda sjái þau hversu hratt þessi tækni gæti þróast.

### Hefur áhyggjur fyrir hönd olíufélaganna

Loks segir Stefán það verða áhugavert að sjá hvort og þá hvernig olíufélögin hyggist bregðast við tilkomu rafbíla á markað. „Það eru náttúrlega komnir rafbílar á göturnar og þeir eru orðnir vinsælli en menn reiknuðu með. Nú eru bílafyrirtækin farin að auglýsa rafbíla sem geta keyrt 500 km á einni hleðslu. Þú ert þannig farinn að komast til Akureyrar og jafnvel farinn að nálgast Mývatn með einni hleðslu. Það að þurfa að hlaða bílinn er því farið að vera minni hindrun en áður. Þetta er að gerast mjög hratt.“

Stefán segist ekki hafa heyrt af því að olíufélögin séu að bregðast við þessu breytta umhverfi og hefur nokkrar áhyggjur af

því fyrir þeirra hönd. „Ástæðan gæti reyndar verið sú hversu lítið þau hafa fundið fyrir þessari breytingu undanfarið. Olíuverð lækkaði mikið síðasta ár sem ég tel að hafi verið mikil innspýting fyrir félögin. Þá hafa olíufélögin hér á landi þvert á móti verið að finna fyrir mikilli aukningu í sölu á eldsneyti sem er tilkomin útaf auknum fjölda ferðamanna. Staðan er því býsna góð en þetta eru náttúrlega óvenjulega aðstæður.

Þrátt fyrir það má segja að það sé einmitt fullkomnið tækifæri fyrir olíufélögin núna, meðan allt gengur vel og á meðan fyrirtækin hafa fjármagn og traust á markaðnum – að fíkra sig svolítið áfram og taka sénsinn. N1 er til að mynda að ég held með 150 stöðvar út um allt land og staðan í dag er sú að helmingur af tekjum fyrirtækisins kemur frá öðrum vörum en bensíni. Hins vegar er það eldsneytið sem dregur fólk á staðinn. Fólk fer og tekur bensín, kíkir inn í sjoppuna, kaupir sér ís og pylsu og svo framvegis. Þannig væri til dæmis kjörið tækifæri fyrir olíufélögin að setja upp rafhleðslustöðvar og annan búnað fyrir rafbílaeigendur við stöðvar sínar. Þannig gæti þeim til að mynda tekist að breikka kunnahópin og fá fólk á staðinn þrátt fyrir að það væri ekki að versla með eldsneyti.“



## Q3 vekur eftirtekt

Nýr Audi Q3 er vel útbúinn, lipur og svipmikill. Hann er skilvirkur og sportlegur, á sama tíma rúmgóður að innan en smágerður að utan. Audi Q3 er byggður fyrir nýjar væntingar.

Verð frá 6.190.000 kr.

5 ára  
ábyrgð



HECLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is